

REGLUGERÐ

**um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Þórshöfn
nr. 488, 21. október 1975.**

1. gr.

1. gr. orðist svo:

Höfnin á Þórshöfn takmarkast af beinni línu sem hugsast dregin úr Bakkahorni í Laxártanga. Innan nefndrar línu takmarkast hún af landinu meðfram Lónafirði.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 69, 28. maí 1984 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráuneytið 24. janúar 1985.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Kópavogi:

1. gr.

1. Biðskylda skal vera á öllum húsagötum vestan Birkigrundar.
2. Biðskylda skal vera á öllum húsagötum sem liggja að Furugrund milli Birkigrundar og Nýbýlavegar.
3. Biðskylda skal vera á Ástúni á gatnamótum Ástúns og Furugrundar.
4. Biðskylda skal vera á Daltúni á gatnamótum Daltúns og Ástúns.
5. Biðskylda skal vera á Brekkutúni á gatnamótum Brekkutúns og Ástúns.
6. Biðskylda skal vera á Grænatúni á gatnamótum Grænatúns og Ástúns.
7. Biðskylda skal vera á Álfatúni á gatnamótum Álfatúns og Grænatúns.
8. Biðskylda skal vera á Vallhólma á gatnamótum Vallhólma og Grænatúns.
9. Biðskylda skal vera á Stórahjalla gagnvart ónefndri götu sem liggur að Kaupgarði frá Nýbýlavegi.

Reglur þessar eru settar skv. heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og koma til framkvæmda þegar í stað.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Bæjarfógetinn í Kópavogi 16. janúar 1985.

Ásgeir Pétursson.